

Ársskýrsla Skíðafélags Ísfirðinga 2024



Ársskýrsla Skíðafélags Ísfirðinga

Árið 2024 var viðburðaríkt hjá Skíðafélagi Ísfirðinga, félagið varð 90 ára á árinu og við erum stolt af því öflugum starfi sem ríkt hefur innan félagsins alla tíð og leggjum okkar að mörkum að svo verði áfram.

Á aðalfundi sem haldinn var þann 13. maí 2024 var stjórnin endurkjörin án breytinga. Stjórnin hefur fundað reglulega og fundað hefur verið 9 sinnum á árinu. Vinnu við uppbyggingu félagsins og fjárhagslegur viðsnúningur var haldið áfram og árangurinn góður. Rekstur félagsins hefur verið snúíð á réttann kjöl. Brettadeild félagsins var endurvakin.

Innheimta félagsgjalda voru tekin upp að nýju, þá var sendur valfrjáls greiðsluseðill í heimabanka félagsmanna. Félagsgjöldin skiluðu ágætri upphæð sem nýtist í rekstur félagsins, launagreiðslu þjálfara.

Skíðaðing Skíðasambands Íslands var haldið hér á Ísafirði dagana 20.-22. september. Þar áttu Ísfirðingar 4 fulltrúa reglu samkvæmt en fleiri félagsmenn sátu þingið og tóku þátt í nefndarstarfi og umræðum þingsins. Hlynur Kristinsson heldur sínu sæti í göngunefnd SKÍ og Jóna Lind Kristjánsdóttir heldur sínu sæti í varastjórn SKÍ. (man ekki alveg var nokkuð kosið í ár?) Á þinginu voru fjölmargir félagar SFÍ heiðraðir með viðurkenningu SKÍ fyrir sitt mikla og góða starf í þágu skíðahreyfingarinnar hvort sem er hér á Ísafirði og á landsvísu. Þar ber hæst að nefna að Hafsteinn Sigurðsson hlaut heiðurskross Skíðasambandsins. Aðrir sem hlutu heiðranir voru eftirfarandi en þau hlutu silfurmerki SKÍ: Birna Jónasdóttir, Sigríður Laufey Sigurðardóttir, Þórunn Pálsdóttir, Jóhanna Oddsdóttir, Jóna Lind Kristjánsdóttir, Sigurður Erlingsson og Guðmundur Ragnarsson.

90 ára afmælistótt Skíðafélags Ísfirðinga var haldið dagana 21.-24. mars. Þá var Skíðamótt Íslands haldið á Seljalandsdal og Bikarmótt SKÍ á Tungudal. Aðstæður voru góðar á báðum svæðum og móttahald gekk vel fyrir sig. Þó nokkur ár eru síðan við hélið bikarmótt í alpagreinum, mikill undirbúningur var þarfur, fara þurfti í gegnum allan búnað, uppfæra og endurnýja. Sérstakar þakkir til eldri félaga sem stigu upp og aðstoðuðu við móttahald og kenndu í leiðinni næstu kynslóð. (laga) Vel tókst til á báðum svæðum og við fengum mikið lof fyrir.

Skíðavikan var haldin með nokkuð hefðbundnu sniði þar sem nægur snjór var til staðar og tókst vel til. Vegna veðurs varð þó að færa páskaeggjamótt og furðufatadaginn fyrir skíðagönguna af Seljalandsdal niður í Tunguskóg. Það gekk vel og mikil þátttaka þrátt fyrir veður. Skíðablaðið var gefið út að nýju en síðasta útgáfa blaðsins var árið 2019. Glæsilegt blað og þar að baki öflug ritnefnd sem á lof skilið.

Stjórn Skíðafélags Ísfirðinga vill veita starfsmönnum Skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar sem og starfsmönnum á íþróttu og tómstundasviði sérstakar þakkir fyrir gott samstarf á árinu.

Stjórn Skíðafélags Ísfirðinga kosin á aðalfundi þann 13.mái 2024

Elena Dís Víðisdóttir - Formaður
Ásgerður Þorleifsdóttir - Gjaldkeri
Jóna Dagbjört Pétursdóttir - Varaformaður
Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir - Ritari
Jóhanna Fylkisdóttir - Meðstjórnandi

Varamenn í stjórn

Ingibjörg Heba Halldórsdóttir
Vignir Örn Pálsson

Netfang félagsins: snjor@snjor.is
Heimasíða félagsins www.snjor.is
Símanúmer formanns 845-6568

Þjálfarar

Snorri Einarsson var yfirþjálfari skíðagöngu og sá um þjálfun elsta hópsins 13 ára og eldri. Yfir vetrartímann eru 5-6 æfingar á viku en á sumrin og haustin eru æfingar 4 sinnum í viku hjá þeim hópi.

Gunnar Bjarni Guðmundsson þjálfaði 10 til 12 ára krakka í skíðagöngu. Sá hópur æfir 3 sinnum í viku yfir haust og vetrartímann.

Jóna Lind Kristjánsdóttir var yfirþjálfari krakka í íþróttaskóla HSV (1.-4. bekkur). Henni til aðstoðar voru Unnur Guðfinna og Dagný Emma Kristinsdóttir.

Rannveig Hjaltadóttir var yfirþjálfari alpagreina og sá um þjálfun elsta hópsins. Fjórar æfingar eru á viku yfir vetrartímann og 3 æfingar á viku á haustin.

Julia Moore sá um þjálfun í alpagreinum fyrir krakka í 5.-6. bekk. Æft var 3 sinnum í viku.

Regína Sif Rúnarsdóttir, Chris Montgomery og Ingibjörg Heba Halldórsdóttir sáu um þjálfun krakka í 1.-4. bekk. Æft var tvisvar sinnum í viku í tveimur hópum.

Benedek Regoczi þjálfari í snjóbrettum var með okkur framan af vetri en meiddist því miður illa á hendi og við keflinu tók **Bergsteinn Snær Bjarkason**. Með þeim voru til aðstoðar **Matthías Breki Birgisson** og **Anna Magnea Rafnsdóttir**.

Mótamál

Bikarmót í Skíðagöngu 12 ára og eldri á Akureyri í janúar.

Bikarmót í Skíðagöngu 12 ára og eldri á Ólafsfirði í febrúar.

Bikarmót í Skíðagöngu 12 ára og eldri í Bláfjöllum í mars.

Bikarmót í Alpagreinum 12-15 ára í Bláfjöllum í febrúar.

Bikarmót í Alpagreinum hér á Ísafirði dagana 24.-26. mars.

Skíðamót Íslands í Skíðagöngu var haldið hér á Ísafirði dagana 23.-26.mars.

Unglingameistaramót í Alpagreinum var haldið á Akureyri í apríl.

Jónsmót á Dalvík var haldið dagana í mars.

Andrés Andarleikarnir voru haldnir dagana 25.-27. apríl. SFÍ átti 68 keppendur skráða til leiks í skíðagöngu, alpagreinum og snjóbrettum. Þess má geta að SFÍ átti Andrésarmeistara bæði í skíðagöngu og snjóbrettum.

Iðkendatal

Alpagreinar – Samtals voru 69 iðkendur skráðir í alpagreinar. Allir iðkendur alpagreina voru 17 ára og yngri. 47 kvk og 22 kk.

Bretti – 17 iðkendur voru skráðir á bretti. Allir yngri en 17 ára. 5 kvk og 12 kk.

Skíðaganga -Samtals 60 iðkendur. 55 iðkendur voru 17 ára og yngri, 37 kvk og 19 kk. Iðkendur 18 og eldri voru 4, allt karlmenn.

Þátttaka í afreksstarfi og mót erlendis

Hæfileikamótun SKÍ var haldin á Ísafirði bæði í alpagreinum og skíðagöngu sumar/haust 2024. Vel tókst til og SFÍ átti góðan hóp þátttakenda.

Ástmar Helgi Kristinsson og Grétar Smári Samúelsson kepptu fyrir Íslands hönd á Heimsmeistaramóti Unglinga í Planica í Slóveníu í febrúar. Strákarnir stóðu sig vel og mótið gefur mikilvæga reynslu þar sem sterkustu keppendur undir 23 ára frá hverju landi fá að máta sig gegn hvor öðrum. Þeir tóku þátt í hæfileikamótun SKÍ og æfingum landsliða.

Dagur Benediktsson var í A-landsliði Íslands í skíðagöngu veturinn 2024. Hann keppti fyrir hönd Íslands á sterkum mótum í Þýskalandi, Noregi og í Finnlandi. Dagur náði sínum besta árangri (FIS stigum) í Idre þegar hann landaði 26. sæti í 20 km göngu með frjálsri aðferð á gríðarsterku móti. Á Skíðamóti Íslands í skíðagöngu varð Dagur fimmfaldur Íslandsmeistari, glæsilegur árangur. Þá tók Dagur einnig þátt í hæfileikamótun SKÍ og æfingum landsliða.

Upphaf skíða vetursins 2024-2025 hófst vel hjá Degi þar sem hann bætti sinn besta árangur á fyrsta móti tímabilsins sem haldið var í Finnlandi í nóvember 2024. Þar gerði hann 76,72 FIS stig.

Eyþór Freyr Árnason var kjörinn efnilegasti íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 2024 en hans helsti árangur var að verða Bikarmeistari SKÍ og tvöfaldur Íslandsmeistari í sínum aldursflokki.

Félagsstarf

Haldinn var foreldrafundur í haust þar sem farið var yfir verkefni vetrarins. Þjálfarakynningar og kynning á helstu viðburðum vetrarins þá helst Andrésar Andarleikanna og Skíðaviku og heimamóta á Tungudal og Seljalandsdal. Lokahóf SFÍ var haldið í lok maí í Grunnskólanum á Ísafirði þar sem farið var í ratleik, grillaðar pylsur og veittar viðurkenningar fyrir árangur og framfarir vetrarins.

Skíðavikan 2024 var haldin og vel tókst til. Nægur snjór var í bænum og gestirnir margir. Góð þátttaka var í sprettgöngu á setningu Skíðavikunnar en þar stóð SFÍ einnig fyrir sölu á heitu kakói, heimabökuðum pönnum og öðru bakkelsi sem bæjarbúar og gestir tóku vel í.

Á Skírdag var haldin Skíðaskotfimi á Seljalandsdal í samvinnu við Skotveiðifélag Ísafjarðar og var þátttaka góð. Opið var á báðum svæðum og góð stemning. Fjallaskíðaferð skíðavikunnar var farin í Botnsdal undir leiðsögn Thelmu Rutar Jóhannsdóttur og var vel sótt. Þá tók veðrið að versna og færa þurfti páskaeggjamót og furðufatadagskrá af Seljalandsdal niður í Tunguskóg. Þar var öllu tjaldað til, grillaðar pulsar, leikjabraut og tónlist. Þrátt fyrir veður var viðburðurinn vel sóttur.

Við þökkum öllum foreldrum og iðkendum sem hjálpuðu okkur við Skíðavikuna, HG fyrir páskaegginn og síðast en ekki síst starfsfólki Skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar fyrir frábæra samvinnu.

Lög félagsins

Lögum félagsins var breytt á aðalfundi árið 2023. Lögin eru staðfest af HSV og ÍSÍ.

1.gr.

Nafn félagsins er Skíðafélag Ísfirðinga, skammstafað SFÍ.

2.gr.

Tilgangur félagsins er að standa fyrir iðkun skíðaíþróttarinnar og vinna að eflingu hennar, einkum í Ísafjarðarbæ og nágrenni.

3.gr.

Þessum tilgangi hyggst félagið ná meðal annars með því að hvetja sem flesta til þátttöku, gangast fyrir mótum og stuðla að árangri afreksfólks í skíðaíþróttinni ásamt því að útbreiða þekkingu á henni eins og verða má í Ísafjarðarbæ og nágrenni.

4.gr.

Félagsmenn teljast:

Heiðursfélagar; þeir aðilar sem gerðir hafa verið að heiðursfélögum. Heiðursfélaga má kjósa á aðalfundi, ef fram kemur um það skrifleg tillaga og sé hún samþykkt með 2/3 atkvæða fundarmanna. Aðeins þeir einstaklingar sem unnið hafa félaginu mikið gagn geta orðið heiðursfélagar. Heiðursfélagar eru gjaldfrjálsir.

Virkir félagar: Allir þeir sem sækja æfingar hjá félaginu og þeir sem eru í stjórn félagsins eða gegna öðrum trúnaðarstörfum.

Styrktarfélagar: Þeir sem ekki eru iðkendur en kjósa að vera félagar og styrkja félagið.

Félagi getur hver sá orðið sem óskar þess og samþykkir að taka á sig þær skyldur er því fylgja.

5.gr.

Rétt til setu á fundum félagsins hafa allir félagsmenn.

6.gr.

Allir félagsmenn verða að virða lög og samþykktir félagsins. Brjóti einhver félagsmaður lög félagsins, eða vinnur gegn félaginu eða komi þannig fram að því sé vansæmd að, getur stjórnin vikið honum úr félaginu.

7.gr.

Greiðsla félagsgjalda skal fara fram fyrir maí mánuð ár hvert og skal upphæð þeirra ákveðin af stjórn.

8.gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningum skal lokað 7 dögum fyrir aðalfund

og þeim skilað til skoðunarmanna félagsins.

9.gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir 1. júní. Til aðalfundar skal boða með tryggum hætti og með minnst 10 daga fyrirvara. Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema við lagabreytingar (sjá 11 gr.). Á aðalfundi skal kjósa í stjórn fjóra einstaklinga, formann skal kjósa sérstaklega, einnig skal kjósa tvo einstaklinga í varastjórn, tvo skoðunarmenn og einn til vara.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Sérgreinanefndir eru kosnar á aðalfundi. Stjórn getur skipað starfsnefndir hverju sinni og getur stjórn haft val um hvaða nefndir það eru og hversu margir eru í hverri nefnd.

Sérgreinanefndir

- Alpagreinaneftnd
- Brettaneftnd
- Skíðagönguneftnd

10.gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar

2. Stjórn leggur fram skoðaða reikninga félagsins.
3. Umræður um skýrslu og reikninga.
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár
6. Önnur mál

11.gr.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundum félagsins. Tillögum til lagabreytinga skal skila til stjórnar eigi síðar en 15. apríl ár hvert og skal í fundarboði geta þess ef lagabreytingatillaga hefur komið fram.

Nái lagabreytingatillaga samþykki 2/3 hluta fundarmanna telst hún samþykkt.

12.gr.

Stjórn er kjörin til eins árs í senn.

13.gr.

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún tekur ákvarðanir um starfsemi og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum félagsins. Stjórninni er heimilt að veðsetja eignir félagsins og taka lán fyrir þess hönd.

Slíkir gjörningar eru gildir, séu þeir undirritaðir af stjórninni. Hún skal sjá um samskipti við sérsambönd, bandalög og bæjaryfirvöld. Hafa eftirlit á störfum nefnda og ganga frá ráðningu á starfsmönnum félagsins.

14.gr.

Aukaaðalfund skal halda ef stjórn félagsins óskar þess eða ef þriðjungur eða 25 félagsmenn bera fram skriflega ósk um það við stjórnina. Aukaaðalfundur skal boðaður með sama hætti og aðalfundur sbr. 6. grein.

15.gr.

Félagið verður ekki lagt niður nema með samþykki 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi og skal sá dagskrárliður vera skýrt auglýstur í aðalfundarboði. Komi til slita félagsins skal afhenda eigur þess Héraðssambandi Vestfirðinga (HSV) til varðveislu. Ef hliðstætt félag verður stofnað í Ísafjarðarbæ innan fimm ára, skulu eignir þess afhentar hinu nýja félagi. Verði ekki af stofnun nýs félags á þessum tíma skulu eignir þessar renna til HSV, sem ráðstafar þeim til uppbyggingar íþróttastarfi á sínu félagssvæði.

16.gr.

Lög þessi og lagabreytingar öðlast gildi þegar þau hafa verið staðfest af HSV og stjórn ÍSí.

Stjórn SFÍ